

## Reikningur

77

yfir tekjur og gjöld fiskimannasjóðs Kjalarnesþings 1895.

### Tekjur:

1. Eptirstöðvar 31. des. 1894:			
a. Í lánum gegn veði . . . . .	kr. 7850,00		
b. Skuld hjá Þóroddi Bjarnasyni —	25,00		
c. Í sparisjóði . . . . .	— 268,17	8143	17
2. Gjöf . . . . .		10	00
3. Vextir:			
a. Af lánum . . . . .	kr. 310,00		
b. Af innstæðu í sparisjóði . .	— 21,36	331	36
4. Endurborgað lán . . . . .		500	00
5. Borguð skuld Þórodds . . . . .		25	00
6. Til jafnaðar móti gjaldlið 3. . .		700	00
		Samtals	9709 53

### Gjöld:

1. Veittur styrkur . . . . .		320	00
2. Auglýsing á reikningi sjóðsins . . . . .		5	10
3. Lánað gegn veði . . . . .		700	00
4. Til jafnaðar móti tekjulíðum 4 og 5. . . . .		525	00
5. Eptirstöðvar 31. des. 1895:			
a. Í lánum gegn veði . . . . .	kr. 8050,00		
b. Í sparisjóði . . . . .	— 109,43	8159	43
		Samtals	9709 53

Bæjarfógetinn í Reykjavík 6. janúar 1896.

*Halldór Danielsson.*

## Reikningur

78

yfir tekjur og gjöld framfarassjóðs Jóns prófasts Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs fyrir árið 1895.

### Tekjur:

1. Jörðin Harastaðir á Fellsströnd, 11,1 hundr. að dýrl., virt á	kr. 800	00
2. Landskuld í fardögum 1894, 40 áln. á 54 au. eptir verðlags- skrá Dalasýslu 1894—95 . . . . .	—	21 60
3. Leigur haustið 1894, 40 pd. smjörs, selt í Reykjavík á 50 a. pd.	—	20 00
4. Landskuld í fardögum 1895, 40 áln. á 55 au. . . . .	—	22 00
5. Leigur haustið 1895 40 pd. smjörs, selt í Reykjavík á 50 a. pd.	—	20 00
6. Vextir af fje í söfnunarsjóði til ársloka 1895 . . . . .	—	1 51
		Tekjur alls kr. 885 11

78

Gjöld:

1.	Fyrir söfnunarsjóðsbók . . . . .	kr.	1 00
2.	Flutningsgjald á leigum til Reykjavíkur haustið 1894 . . . . .	—	1 50
3.	Flutningsgjald á leigum til Reykjavíkur haustið 1895 . . . . .	—	1 42
4.	Í sjóði við árslok 1895:		
a.	Jörðin Harastaðir á Fellsströnd, 11,1 hndr. að dýr- leika, virt á . . . . .	kr.	800,00
b.	Í söfnunarsjóði Íslands . . . . .	—	81,19
			<hr/> 881 19
		Gjöld alls kr.	885 11

Skrifstofu Árnessýslu, 31. desembermán. 1895.

*Sigurður Ólafsson.*

79

**Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi, handa Tjarnar-**

5. júní. **prestkallia á Vatnsnesi til framhalds jarðabótum.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 3. þ. m., veiti jeg hjer með samþykki mitt til þess, að presturinn að Tjörn á Vatnsnesi, síra Jón St. Þorláksson, taki 1000 króna embættislán, sem eigi getur fengizt úr landssjóði, handa prestakallinu til framhalds jarðabótum á tjeðu prestssetri. Þó er þetta lántökuleyfi mitt þeim skilyrðum bundið, að lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins, með 50 krónum, auk vaxta, á 20 árum samfleytt frá lántökudegi að telja, og að presturinn eða bú hans svari við burtför hans frá brauðinu eða fráfall jarðabótum, er unnar verði hjer eptir og metnar verði að minnsta kosti 1000 króna virði, eða svari ofanálagi fyrir það, sem til kynni að vanta.

Þetta er hjer með hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Prófastur.**

3. júní skipaði biskup prestinn síra *Einar Jónsson* í Kirkjubæ reglulegan prófast í *Norður-Múlaprófastsdæmi*.